

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 2 2021/2022

Kærendur:

Gabríela Bryndís og Helga Bryndís Ernudætur.

Kærða: Kristín Arna Jónsdóttir, blaðamaður Mannlífs.

Kæruefni:

Viðtal við Björn Matthíasson á netsíðunni mannlif.is 17. apríl 2021.

Málsmeðferð:

Kæran barst á skrifstofu Blaðamannafélagsins í tölvupósti dagsettum 5. maí, en lenti þar í ruslpósti. Hún var send aftur til Bí 22. maí og barst Siðanefnd 3. júní. Nefndin tók málið fyrir á fundi sínum 8. júní. Niðurstaða nefndarinnar var að kæran uppfyllti þau skilyrði sem felast í siðareglum Bí og málið því tækt. Leitað var viðbragða kærðu og bærust þau í tölvupósti 21. júní. Nefndin tók síðan málið fyrir á fundi sínum 29. júní og kvað upp úrskurð í því.

Málavextir:

Forsaga málsins er sú að kærendur höfðu farið nafnlaust í blaðaviðtal á Stundinni í lok árs 2018 og sagt frá meintri kynferðislegri misnotkun föður síns á þeim. Faðir kærenda höfðaði síðar mál gegn blaðamanni sem viðtalið tók og í kjölfarið var hann nafngreindur í fjölmiðlum. Blaðamaður Mannlífs tók svo viðtal við við hann undir fyrirsögninni „Ég snerti þær aldrei fyrir neðan mitti“ þar sem hann fór yfir sína hlið málsins og sagði sig saklausan af ásökunum dætra sinna. Telja kærendur að viðtal Mannlífs brjótí í bága við 3. grein siðareglna Bí.

Kærða hafnar því að hafa með viðtalinu brotið Siðareglur og krefst sýknu eða frávísunar.

Umfjöllun:

Kærendur rökstyðja kæru sína á eftirfarandi hátt: „Blaðamaður, ritstjóri og fréttastjóri höfðu ekki samband við okkur áður en þetta viðtal birtist né svöruðu tölvupósti okkar né lögmanns um að myndir af okkur yrðu teknar út og nafn móður okkar. Einnig báðum við um að fréttin yrði tekin út í heild sinni. Fréttin er full af rangfærslum sem stangast á við það sem fram hafði komið í viðtalinu við okkur, en blaðamaður hafði ekki fyrir því að taka það fram. Þá var heldur ekki linkað á viðtalið við okkur, fyrr en lögmaður okkar bað um það og þá var það gert eftir tvo daga og flestir sem lásu viðtalið þá þegar búnir að lesa það. Við erum persónugreinanlegar í þessari umfjöllun þar sem þetta er pabbi okkar og það tekur hálfu mínútu að googla okkur og finna út hverjar við erum. Upphaflega birtist einnig mynd af öllum systkinahópnum, en sú mynd virðist hafa verið tekin út að beiðni bróður okkar.“

Kærða hafnar því alfarið að Mannlíf hafi með viðtalinu brotið gegn siðareglum Bí: „Þetta eru tvær sögur af sama máli, sögur sem ekki ber saman. Annars vegar er það frásögn þeirra systra og hins vegar frásögn Björns, föður þeirra. Gabríela og Helga stigu fram og sögðu sína sögu og faðir þeirra kaus að gera slíkt hið sama.“

Hún svarar ásökunum kærðu ennfremur með þessum hætti: „Varðandi að ekki hafi verið hlekkjað inn á viðtal Stundarinnar, viðurkennir blaðamaður að hafa einfaldlega ekki dottið það til hugar. Það kom

skýrt fram í upphafi viðtalsins að dætur Björns hefðu farið í viðtal við Stundina og getur fólk gert það sem það vill með þær upplýsingar; leitað að viðtalinu eða ekki.

Um leið og óskað var eftir því að hlekkjað yrði á viðtalið var það hins vegar gert. Myndir af systrunum voru máðar frá upphafi og þær gerðar óþekktanlegar. Og einnig var tekin út mynd af systkinahópnum þegar óskað var eftir því, þrátt fyrir að andlitin væru máð. Það er því rangt að Mannlíf hafi ekki komið til móts við þær óskir sem fram voru settar. En ekki var talin forsenda fyrir því að taka niður viðtalið, enda menn saklausir uns sekt er sönnuð og engar sannanir hafa verið færðar fyrir því hvort saga systranna eða föður þeirra sé sönn.“


Það er ekki hlutverk Siðanefndar að ákveða hverjir fá að segja sögu sína í viðtölum í fjölmiðlum. Blaðamaður er þar óháður milligöngumaður sögumanns og lesenda. Nefndin gerir ekki kröfur um að gagnstæðum sjónarmiðum séu gerð skil í slíkum viðtölum. Í hinu kærða viðtali getur blaðamaður þess þó að dætur sögumanns hafi í viðtali á Stundinni sakað föður sinn um misnotkun og vitnar í viðtalið á nokkrum stöðum. Hins vegar er rétt að benda á að í umfjöllun um viðkvæm málefni er sjaldan of varlega farið.

Siðanefnd telur að með birtingu viðtalsins við Björn Matthíasson hafi blaðamaður gætt hlutleysis og leyft Birni að segja sína sögu án eigin athugasemda. Einnig er ljóst að við aðfinnslum kærenda hefur hefur verið brugðist að nokkru leyti. Mat nefndarinnar er að hin kærða hafi ekki gerst brotleg við siðareglur með birtingu hins kærða viðtals.


Úrskurður:

Kærða, Kristín Arna Jónsdóttir, telst ekki hafa gerst brotleg við siðareglur BÍ.

Reykjavík 29. júlí 2021




Hjörtur Gíslason




Ásgeir Þór Árnason



Fanney Birna Jónsdóttir



Friðrik Þór Guðmundsson



Þórdís Helgadóttir